

AUGLÝSING

um verndarsvæði í byggð.

Verndarsvæðið við Voginn – Djúpvogur, breytt útmörk.

Með vísan til 5. mgr. 4. gr. laga um verndarsvæði í byggð, nr. 87/2015, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, að fenginni tillögu Múlaþings, ákveðið að endurskoða útmörk verndarsvæðisins, sem birt var með auglýsingu nr. 200/2021.

Verndarsvæðið er 6,9 ha landspilda og myndar megin kjarnann í miðsvæði kaupsins, sem nýtur hverfisverndar skv. aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020. Um er að ræða 60-150 m breiða skák, sem fylgir fjöruborði við voginn og liggur meðfram austurströnd hans utan frá Brandsvík og suður á norðurenda Brennicketts, þaðan að götunni Búlandi og út fyrir hin aldagömlu verslunarhús á vesturströnd vogsins. Afmörkun verndarsvæðisins á sér vísun í aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020 og miðast að töluverðu leyti við afmörkun miðsvæðis og hverfisverndar á fyrrnefndu svæði.

Uppdrátt og skýringartexta um breytinguna er að finna á eftirfarandi slóð: <https://www.minjastofnun.is/is/verndarsvaedi>.

Auglýsing um verndarsvæði í byggð nr. 468/2025 fellur á brott.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 28. nóvember 2025.

Jóhann Páll Jóhannsson.

Stefán Guðmundsson.

B deild - Útgáfudagur: 30. desember 2025